



# Skóla- og frístundasvið

## Akraneskaupstaður

### Heilsuleikskólinn Garðasel

#### 2019-2020



## Hlutverk

*Hlutverk skóla á Akranesi er að skapa skilyrði fyrir nemendur þannig að þeir nái að nýta hæfileika sína, efla sjálfstæði sitt og þroska með sér góð samskipti við samferðamenn.*

# Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá þeirra og í henni fer fjallað um árlega starfsemi, birt skóladagatal og aðrar hagnýtar upplýsingar koma fyrir. Foreldraráð veitir áætluninni umsögn áður en skóla- og frístundaráð taka hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Megintilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Áætlunin er vinnuskjal og á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári. Henni er jafnframt ætlað að greina frá hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðum og áætlun sett fram um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Akraneskaupstaðar.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal

Starfsáætlun tekur gildi 1. september ár hvert og skilað rafrænt til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs fyrir 1. ágúst ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.

## Efnisyfirlit

<i>Um starfsáætlanir leikskóla</i> .....	1
1. <i>Stutt greinagerð leikskólastjóra um starfið á síðasta skólaári</i> .....	3
2. <i>Áherslur í starfi leikskólans</i> .....	6
2.1 <i>áherslur leikskólans næsta starfsárs</i> .....	6
3. <i>Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun</i> .....	8
3.1 <i>innra mat leikskólans</i> .....	8
3.2 <i>ytra mat leikskólans</i> .....	8
3.3 <i>matsáætlun/umbótaáætlun</i> .....	9
4. <i>Aðrar upplýsingar</i> .....	10
4.1 <i>Barnahópurinn 1. júní</i> .....	10
4.2 <i>Foreldrasamvinna</i> .....	10
4.3 <i>Samstarf leik- og grunnskóla</i> .....	11
4.3.1 <i>Brúum bilið</i> .....	11
4.4 <i>Samstarf leikskólastjóra</i> .....	12
4.5 <i>Samstarf sérkennslustjóra</i> .....	12
4.4 <i>Almennar upplýsingar</i> .....	12
5. <i>Starfsmannamál</i> .....	13
5.1 <i>Starfsmannahópurinn 1. maí</i> .....	13
5.2 <i>Starfsþróunarsamtöl</i> .....	13
5.3 <i>Símenntun frá síðasta ári</i> .....	13
5.4 <i>Áætlun um símenntun í leikskólanum</i> .....	14
6. <i>Fylgiskjöl</i> .....	15

# 1. Stutt greinagerð leikskólastjóra um starfið á síðasta skólaári

Skólaárið 2018 -2019 gekk vel, gríðarlega öflugur starfsmannahópur og mikil reynsla er styrkleiki skólans og byggir öll skólaþróun á þessum mannauði. Góð samvinna við foreldra er líka styrkleiki í skólastarfi Garðasels.

Endurmat starfsáætlunar 2018 -2019 sýnir að þau verkefni sem áætlað var að framkvæma gengu að mestu eftir. Áætlunin þarf og á að vera lifandi og raunsætt vinnuskjal, sem tekur mið af aðstæðum hverju sinni og mikilvægt að vera meðvitaður um tækifæri til skólaþróunar.

Helstu áhersluþættir í starfi leikskólans á síðasta skólaári voru

1. Hreyfing / Yap
  2. Útinám / útikennsla
  3. Hugarfrelsi og Vináttuverkefni Barnaheilla tengt við Uppeldi til ábyrgðar
  4. Heilsueflandi leikskóli
  5. Tveir kjarnar á Vík
  6. Aðrir þættir
1. Í **hreyfingu** var haldið áfram að tengja Leikur að læra inn í hreyfistundir og tengja saman hreyfingu og skemmtileg verkefni, úti og inni. Öll börn fá markvissa hreyfistund einu sinni í viku, yngstu börnin í leikskólanum, miðdeildin í sal Grundaskóla og tveir elstu árgangarnir í íþróttasal að Jaðarsbökkum. Á síðasta ári hófst **innleiðing á verkefninu YAP (Young Athlete Program)** sem er snemmtæk íhlutun í skertan hreyfiproska barna 2 -7 ára. Breki Berg Guðmundsson, íþróttافرæðingur, sá um verkefnið og þær hreyfistundir sem settar voru markvisst upp fyrir ákveðin hóp barna. Verkefnið er á vegum Íþróttasambands fatlaðra.
  2. **Útinámið / útikennslan** fór fram á tveimur eldri deildunum en þar fengu börnin tvisvar í mánuði námsferð í skógræktina eða á Langasand. Á leiðinni eru þau að velta fyrir sér umhverfinu, læra á það og rannsaka enn frekar. Náttúrulegt umhverfi með fáum áreitum gefur börnum mikið og í ljós hefur komið að samskipti þeirra verða afslappaðri í slíku umhverfi. Þau læra heiti tjráa, blóma, fugla og skordýra. Velja sér tré, sem þau merkja og fylgjast með vexti þeirra, laufum og setja jafnvel ljós og skreytingar á þau í desember. Hugarfrelsi úti í náttúrunni er eitthvað sem fátt toppar, sögustund í kyrrðinni og að borða matinn úti er öðruvísi. Mikilvægi útináms er ótvírætt.
  3. **Hugarfrelsi og Vináttuverkefni Barnaheilla** hélt áfram en þarf að skilgreina betur hvernig unnið er með það og hverjir vinna það. Þetta eru forvarnarverkefni til að byggja upp vellíðan og öryggi barna og mikilvægt að þannig sé unnið en ekki grípa til þessara verkfæra til að laga hlutina þegar eitthvað gerist. Vangaveltur hafa verið um hvernig tengja megi foreldra meira inn t.d. að senda myndbönd úr vinnustundum en samkvæmt nýjum persónuverndarlögum ekki má senda myndir af öðrum börnum á milli foreldra og þarf því að huga að öðrum leiðum.
  4. **Heilsueflandi leikskóli** er verkefni á vegum embættis Landlæknis og hafa allir heilsuleikskólar farið inn í það verkefni þar sem áherslur Heilsustefnunnar og þessa verkefnis skarast á svo margan hátt. Lára Dóra Valdimarsdóttir hefur séð um að vera tengiliður og halda utan um verkefnið. Verkefnið er með heilsueflandi sýn í víðu samhengi fyrir skólasamfélagið og hefur Lára Dóra setið samráðsfundi með kennurum í Grundaskóla. Áhersluþættir verkefnisins eru mældir í sérstökum kvarða, sem merkt er inn á og þar er staða Garðasels mjög öflug í flestum þáttum en gera þarf átak í upplýsingum til foreldra og fá þá með í verkefnið.

5. **Tveir kjarnar á Vík** – það var ákveðið við niðurröðun í húsið að prófa að fara þessa leið, fremur en skilja nokkur börn eftir á miðdeild sem að olli yfirleitt streitu og vonbrigðum hjá foreldrum og börnum. Áherslan var á að tveir árgangar færu á Víkina og voru þeir skilgreindir sem Vík 1 og Vík 2 og voru þá í raun komnar tvær deildir þar inn með 37 börnum. Sameiginleg svæði voru skilgreind sem svæði Víkur en nokkur börn þurftu að nýta hólfi í fataherbergi á Holti þar sem ekki voru hólfi fyrir öll þessi börn á Víkinni. Að mestu gekk þetta mjög vel og svo vel að ákveðið var að endurtaka þetta fyrirkomulag. Með þessu er hægt að hafa tvær deildir yngstu / yngri barna fámennari eða 18 börn og 20 börn.

## 6. Aðrir þættir :

**Skóladagatalið** rammaði inn viðburði og starfið í heild sinni og stóðst það skipulag að mestu.

**Íþróttadagar** í júní og **sundkennsla** elstu barnanna gekk mjög vel og í fyrsta skipti var leikskólinn sjálfbær með sundnámskeiðið sem Breki Berg og Lára Dóra sáu um og höfðu réttindi til. **Tvö heilsuskokk** voru á árinu og **tveir sunddagar** í Bjarnalaug fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

**Fjórir skipulagsdagar** voru á skólaárinu og var tveimur þeirra skipt til helminga þannig að fjórir hálfir dagar komu inn og tveir heilir. Þetta var gert í tilraunaskyni með samþykki foreldraráðs og ákveðið að gera könnun meðal foreldra eftir skólaárið til að kanna hug þeirra til þessa fyrirkomulags. Niðurstöður munu síðan verða hafðar til hliðsjónar við skipulag þessara daga á næsta skólaári. Á skipulagsdögum voru fyrirlestrar / námskeið um læsi.

**Foreldraviðtöl** voru tvö á skólaárinu, eitt á haustönn og annað á vorönn. Heilsubók barnsins er skráningar – og matstæki, sem heldur utan um þroska, nám og líðan barna og er grunnur að samtali við foreldra ásamt því sem þeir óska eftir að ræða.

Breyting varð á skipulagi samstarfsverkefnis leik- og grunnskóla, **Brúum bilið**, þar sem aflagðar voru vikulegar nemendaheimsóknir og **Haustskóli** í þrjú daga kom í staðinn ásamt hinum hefðbundna **Vorskóla**. Tvær söngstundir voru á hvorri önn ásamt íþróttadegi. Mjög vel heppnuð breyting.

**Samstarfsverkefni Tónlistarskólans** og elstu barna leikskólanna hófst á síðasta ári að frumkvæði Rutar Berg Guðmundsdóttur, sem leiddi verkefnið. Þetta var skemmtileg tenging við tónlistarskólann og mætti þar langþráðum væntingum um tengingu hans við leikskólana.

**Foreldraráð og foreldrafélag** komu öflug inn í samráð og samvinnu í skólanum og ávallt gott að leita til til foreldrahópsins. Ákveðið var að hætta með árlegt Sumarkaffi leikskólans, sem hefur verið frá stofnun hans en breytt viðhorf varð til þess að leggja þennan viðburð af um stund. Leiksyningar, sveitaferð og Sumarhátíð voru skemmtileg verkefni á vegum foreldrahópsins og vel heppnaðir viðburðir sem börnin njóta. **Foreldrum og fjölskyldum** barnanna er boðið reglulega á viðburði í leikskólanum og er mæting alltaf mjög góð og samverustundirnar bæði gagnlegar og ljúfar.

**Samtök Heilsuleikskóla** halda utan um Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur og eru allir heilsuleikskólar landsins í þessum samtökum. **Næringarstefna** var innleidd árið 2015 og í ár 2019 fá allir heilsuleikskólar aðgang að **rafrænni Heilsubók barnsins**, sem heldur utan um þroska þeirra á flestum sviðum og eru matsþættir og kvarðar tengdir aldri barna.

**Útskriftarferð elstu** barna í Ölver í maílok var velheppnuð og vekur alltaf jafn mikla tilhlökkun og gleði. Næturgisting, kvöldvaka, ratleikur og fleiri ævintýri ramma ferðina inn.

Í viðhorfskönnun til foreldra eftir skólaárið kom í ljós mikil ánægja með starfið í og þær áherslur sem unnið er eftir. Sérlega ánægjulegt var hversu margir foreldrar lýstu ánægju sinni og væntumþykju með jákvætt og uppbyggjandi viðhorf til barnanna þeirra, fjölbreytt starf, lausnamiðað umhverfi skólans og almennt þakklæti til starfsmanna og skólans kom fram. Fram komu væntingar um meiri upplýsingar um hvað börnin eru að gera yfir daginn og mun verða skoðað hvort og þá hvernig megi koma til móts við það.

**Leikskólakerfið Karellen** var innleitt í leikskólana á Akranesi síðastliðið haust og er boðleið milli leikskólans og foreldra. Ekki var innleiðingin áfallalaus en góð og skjót þjónusta leysti yfirleitt það sem upp á kom fljótt og vel. Ávinningur af þessu kerfi er smátt og smátt að koma í ljós. Tekin var ákvörðun um að innleiða ekki heimasíðu sem fylgir Karellen og sú heimasíða sem skólinn var með látin vera áfram – talið að fleiri möguleikar og meiri upplýsingar fylgi þeirri síðu.

## 2. Áherslur í starfi leikskólans

### 2.1 áherslur leikskólans næsta starfsárs

Í starfsháttum leikskólans er heilsuefling, jákvæð og uppbyggjandi samskipti, lærdómsríkur leikur, læsi og stærðfræði áberandi þættir. Heilsuefling fyrstu æviárin er grunnur að góðu heilbrigði allt lífið og máltækið Heilbrigð sál í hraustum líkama vísar veginn.

**Jákvæður og uppbyggjandi skólabragur** byggir fyrst og fremst á vinnubrögðum. Áhersla leikskólans á gæði í samskiptum hefur skilað góðum skólabrag og uppbyggjandi viðhorfum til barna og fullorðinna. Tengsl eru á milli góðs skólabrags og vellíðunar og velgengni barna og starfsfólks og því til mikils að vinna að viðhalda þessum gæðum og halda þessari vegferð áfram.

Leikskólinn leggur frumáherslu á **heilsueflandi leikskólauppeldi** og starfar eftir **Heilsustefnu** Unnar Stefánsdóttur ásamt því að vera þátttakandi í verkefni Embættis landlæknis **Heilsueflandi leikskóli** og **Young Athlete Program – YAP Special Olympic**.

**Markmið Heilsustefnunnar** er að auka gleði og ánægju barna með áherslu á hreyfingu, næringu og sköpun í leik og starfi.

**Hreyfing** - unnið að því að efla nám og viðfangsefni / leiðir í hreyfinámi barna þar sem megináhersla er lögð á skipulagðar hreyfistundir, útikennslu, almenna útivist og lengri gönguferðir ( auka þrek og úthald), danskennslu, hreyfileiki og sundkennslu elstu barna á vorin ásamt tveimur sunddögum í Bjarnalaug á skólaárinu. **Leikur að læra** kennsluáferðin, þar sem hreyfing og nám eru fléttuð saman, er notuð á öllum deildum þar sem verkefni og hreyfimatár taka mið af þroska og getu barnanna.

**Útikennsla / útinám** – börnin á Vík og Holti fara í skipulagðar ferðir í skógræktina og Langasandinn og er það hluti af útinámi barnanna. Í útinámi kynnast börnin umhverfi sínu, fræðast um náttúruna og fá að upplifa með því að skoða, snerta, kanna og rannsaka á eigin forsendum. Í útináminu verða oft til óundirbúin ævintýri þegar áhugi og forvitni glaðra barna ráða för. Námssvið leikskólans verða öll lifandi og samþætt í útináminu og hlutverk kennarans er að vera góð fyrirmynd og vekja áhuga barnanna á að kanna og ígrunda fyrirbæri náttúrunnar

**Gæði í samskiptum** – þar er lögð áhersla á að til móts við þarfir barna, unnið með styrkleika þeirra og að hver og einn fái notið sín í leik og starfi er annar grunnstólpi í áherslum skólans. Sömu viðhorf gilda gagnvart starfsfólki, þar sem lögð er áhersla á fjölbreytileika hópsins, ólíka styrkleikaþætti og hvernig allir fá notið sín í leik og starfi.

Áfram er unnið með **Uppeldi til ábyrgðar** en áhersla er lögð á að þekkja þarfir barna og starfsfólks og mæta þeim eins og kostur er. Markmiðið er ávallt að auka færni barna og fullorðinna í samskiptum, móta lífsgildi þeirra og auka vellíðan í leik og starfi en Uppbyggingarstefnan er aðferð sem ýtir undir jákvæð samskipti. Hún byggir á að ná samstöðu um lífsgildi og fylgja þeim eftir með fáum skýrum reglum.

**Vináttuverkefni Barnaheilla** - verður fest enn frekar í sessi og dýpkað í vinnu með börnunum. Verkefnið byggir á fjórum grunnildum ; umburðarlyndi, virðingu, hugrekki og umhyggju. Í verkefninu er lögð áhersla á að efla styrkleika hvers barns og vinna með barnahópinu í heild og horft til samskipta, vináttu og vellíðunar. Vináttan á því að stuðla að almennri hæfni barna til að takast á við áskoranir daglegs lífs og í samskiptum við aðra. Öll börn í skólanum eignast bangsann Blæ, sem skólinn gefur þeim og fylgir hann þeim í gegnum skólagönguna í Garðaseli

**Hugarfrelsi** er kennsluefni og aðferðir til að auka vellíðan barna í gegnum öndun, slökun og sjálfstyrkingu. Í öllum dagsins er mikilvægt að kunna leiðir til að ná í innri ró og hvíla hugann og er slíkar stundir settar inn í dagskipulagið eftir því sem aldur barna leyfir.

**Læsi** er áberandi þáttur í skólastarfinu og nú á haustdögum verður lögð fram **Læsisstefna leikskóla Akraneskaupstaðar** sem leikskólarnir munu vinna eftir. Í Garðaseli er lögð áhersla á læsi í fjölbreyttri mynd þar sem unnið er með orðaforða, hugtakaskilning, tjáningu og rökhugsun ásamt öðrum mikilvægum þáttum málþroska. Tvö **læsis- þematímabil** verða á skólaárinu, á haustönn og vorönn.

**Stærðfræði** í daglegu lífi verður einnig tekin í **tveimur þema-tímabilum** þar sem unnið verður með form, flokkun, mælingar, tölur og talnagildi ásamt fleiru skemmtilegu.

**Markmið leikskólans** er að byggja upp lærdómsríkt samfélag þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Samfélag þar sem leikur, gleði og nám eru í hávegum höfð.

## 2.2. Sértek verkefni skólaárið 2019 -2020

Heiti verkefnis	Markmið verkefni	Ábyrgð	Tími
<b>Heilsustefnan</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Viðhalda stefnunni og fara yfir viðmið hennar og áherslur</li> <li>Innleiða rafræna heilsubók</li> </ul>	Stjórnendateymi	Allt skólaárið
<b>Heilsueflandi leikskóli</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Auka / efla jákvæða geðheilsu</li> <li>Leita tækifæra til að hafa gaman</li> <li>Auka fræðslu til foreldra um mikilvægi svefnis ungra barna</li> </ul>	Stjórnendateymi	Allt skólaárið
<b>Yap Young Athlete Program</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Efla hreyfifærni barna með seinkaða hreyfifroska</li> <li>Efla verkefnið í leikskólanum og færa inn í almennt starf úti og inni</li> </ul>	Breki Berg Guðmundsson í samráði við sérkennslustjóra og deildarstjóra	Allt skólaárið
<b>Foreldraviðtöl</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fara yfir eyðublað / form</li> <li>Auka / tryggja þátttöku foreldra í samtali</li> </ul>	Skólastjórnendur, deildarstjórar, umsjónarkennarar	Haustönn / klára á skólaári
<b>Árganganámskrár</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vinna námskrár fyrir hvern árgang</li> </ul>	Skólastjórnendateymi	Allt skólaárið
<b>Vinátta Forvarnir gegn einelti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skerpa á því hvernig unnið er með verkefnið</li> <li>Tengja foreldra betur við verkefnið</li> <li>Kynna verkefnið fyrir nýju starfsfólki</li> </ul>	Deildarstjórar Umsjónarkennarar	Allt skólaárið
<b>Uppeldi til ábyrgðar</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Rifja upp og viðhalda áherslum</li> <li>Kynna fyrir nýju starfsfólki</li> </ul>	Stjórnendateymi	Allt skólaárið
<b>Hugarfrelsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Viðhalda þekkingu og áherslum</li> <li>Kynna fyrir nýju starfsfólki</li> </ul>	Deildarstjórar Umsjónarkennarar	Allt skólaárið
<b>Læsisstefna leikskóla</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Innleiðing Læsisstefnu</li> </ul>	Ingunn Sveinsdóttir Stjórnendateymi	Allt skólaárið
<b>Teymisvinna</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Dreifa ábyrgð og þátttöku starfsmanna</li> <li>Fá fleiri að verkefnum</li> <li>Velja verkefni hér fyrir ofan til að byrja slíka teymisvinnu</li> </ul>	Skólastjórnendur	Allt skólaárið

Lífið er leikur 😊



### 3. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

#### 3.1 Innra mat leikskólans 2019 -2020

Markmið leikskólans er m.a. að leggja faglegan grunn að umbótum í skólastarfinu til að auka gæði og skilvirkni í uppeldi og menntun barna og uppbygging jákvæðs skólabrags ná til allra hagsmunahópa innan skólans.

Skólinn hefur sett sér eftirfarandi áætlun um innra mat þar sem viðfangsefnum er skipt niður á skólaárið.

Mánuður	Hverjir	Endurmat	Ábyrgð	Úrvinnsla
September	Allar deildir	Endurmat á ákveðnum þáttum í skólastarfi	Skólastjórnendur	Skólastjóri
Setpember / október	2014 Árgangur	Hljóm- 2	Sérkennslustjóri	sérkennslustjóri
Október	Lón	Viðhorfskönnun um aðlögun barna	skólastjóri	skólastjóri
Október	Allt starfsfólk	Líðan í starfi /samstarf leiðir og lausnir	Skólastjóri	Skólastjóri
Nóvember	Vík 2014 árgangur	Könnun gerð með elstu börnunum um líðan þeirra og áhugasvið	sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri / aðst. skólastjóri
Nóvember	Lón, Holt, Vík	Foreldraviðtöl og skráningar í heilsubók	Deildarstjórar / leikskólastjórar	Hópstjórar Deildarstjórar
Nóvember	Allar deildir	Endurmat á ákveðnum þáttum í starfi	skólastjórar/ deildarstjórar	skólastjórar/ deildarstjóra
Janúar	Allt starfsfólk	Styrkleikar – veikleikar Hvernig birtast þeir ?	Skólastjóri	Skólastjóri
Mars /apríl	Allar deildir	Foreldraviðtöl og skráningar í heilsubók	Deildarstjórar / leikskólastjórar	Deildarstjórar
Apríl	Allar deildir	Endurmat á ákveðnum þáttum í skólastarfi	skólastjórar/ deildarstjóra	skólastjórar/ deildarstjórar
Apríl	Allt starfsfólk	Starfsmannasamtal	Skólastjóri	Skólastjóri
Skólaárið	Leikskólinn	Tilfallandi þættir / viðfangsefni sem koma upp	Skólastjóri / hlutaðeigandi	

Niðurstöður birtar með þessum hætti:

- Foreldrakannanir – á heimasíðu skólans og í tölvupósti til foreldra. Starfsfólk fær kynningu á niðurstöðum
- Starfsmannakannanir – birt innan skólans, í tölvupósti til starfsmanna, á kaffistofu og á starfsmannafundi / deildarstjórafundum / deildarfundum ef þarf.
- Viðhorf /líðan barna –birt / upplýsingar til foreldra og starfsmanna deildar ( Vík )
- Hljóm -2 – sérkennslustjóri fer yfir niðurstöður með foreldrum barna og starfsmönnum deildar eftir því sem við á.

#### 3.2 Ytra mat leikskólans

September	Foreldrar	Könnun vegna skiptingu skipulagsdaga og mikilvægi kynningarfunda	Skólastjóri	Skólastjóri
Október	Allt starfsfólk	Heilstæð vinnustaðagreining	Gallup	Akraneskaupstaður
Mái	Leikskólinn	Viðhorfskönnun til foreldra um ýmsa þætti starfsemi leikskólans	Skólastjóri	skólastjóri

Niðurstöður verða birtar með þessum hætti:

- Foreldrakannanir – á heimasíðu skólans og í tölvupósti til foreldra. Starfsfólk fær kynningu á niðurstöðum
- Vinnustaðagreining – á fundi með starfsfólki, í tölvupósti til starfsmanna

### **3.3 Matsáætlun/umbótaáætlun.**

Leikskólinn notar rafrænt könnunarkerfi, Survey Monkey, til að gera kannanir um hina ýmsu þætti í skólastarfinu og reynt er að ná til allra hagsmunaðila að skólastarfinu. Kerfið heldur utan um svörun, flokkar og raðar upp ásamt því að í lokin verður til mjög sjónræn og aðgengileg samantekt. Í kerfinu myndast gagnamappa með öllum könnunum sem gerðar hafa verið og niðurstöðum þeirra.

Í október 2018 var gerð könnun meðal foreldra yngstu barnanna sem komu inn og spurt um ánægju og upplifun foreldra með aðlögunina, hvernig var að koma inn í skólann, tímalengd aðlögunar og ýmislegt annað. Meirihluti foreldra var mjög jákvæður, kom með ýmsa punkta varðandi lengd og viðveru þeirra sjálfra í aðlögun en einnig að mikilvægt væri að festa einhvern kennara / starfsmann með börnum og foreldrum, frekar en allir flæði saman.

Í aðlögun 2019 var ákveðið að skipta barnahópnum og foreldrum á kennara/ starfsmenn til að koma til móst við þessa athugasemd.

Í mars 2019 var gerð könnun meðal foreldra varðandi tímasetningu fjögurra vikna sumarlokunar. Mikill meirihluti foreldra valdi 8. júlí – 2. ágúst og var lokunin á þeim tíma. Reglulega koma inn ábendingar / athugasemdir um að óhagræði fyrir foreldra að loka leikskólunum yfir sumarið.

Í júní 2019 var gerð viðhorfskönnun meðal foreldra á ákveðnum þáttum í skólastarfinu eftir veturinn. Mikil ánægja foreldra birtist í þessum niðurstöðum, falleg orð til starfsmanna og skólans um jákvætt og uppbyggjandi viðhorf til barna, lausnamiðað skólaumhverfi og góð samvinna. Þetta segir okkur að skólinn sé á mjög góðri leið í skólastarfinu og þjónustumiðuð nálgun og hugsun sé gagnvart foreldrum.

Í starfsmannasamtölum kom fram almenn ánægja með starfið í skólanum, deildir, samstarfsfólk og verkefni sem unnin voru á skólaárinu. Tvö starfsmannasamtöl voru, eitt að í október/nóvember og síðara í apríl / maí. Í starfsmannasamtölum eru starfshættir ígrundaðir og farið yfir skipulag ef þar leynist lausn eða vandi. Rætt er um styrkleika starfsfólk og einnig hvort þeir telji sig geta bætt sig í einhverjum þáttum.

Nokkuð margir starfsmenn ræddu álag í starfi, skort á hljóðvist og loftræstingu ásamt því að of mörg börn væru í of litlu rými. Þessir þættir eru samhljóða þeim þáttum sem rætt er almennt um í leikskólum landsins og full ástæða til að bregðast við, ekki bara vegna starfsmannaheldur líka vegna barna, þar sem rödd þeirra heyrir almennt ekki.

Hljóðvist verður sett upp og endurbætt í helstu rýmum skólans í sumarlokun 2020.

## 4. Aðrar upplýsingar

### 4.1 Barnahópurinn 1. júní

- Fjöldi barna í leikskólanum  
Þann 1. júní 2019 voru 77 börn í leikskólanum og skiptust í fjóra kjarna eftir aldri / árgöngum.
- Kynjahlutfall  
45 stelpur og 32 strákar
- Dvalarstundir  
Dvalarstundir í upphafi skólaárs voru 645 klst en þegar leið á skólaárið bættust við 13 klst vegna aukningar í dvalartíma barna
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu  
Sjö börn nutu sérkennslu ; þrjú á yngstu deild, eitt á miðdeild og þrjú á elstu deild
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku  
Ekkert barn hafði ekki íslensku sem móðurmál en þrjú börn eiga foreldra af erlendum uppruna og tala því annað tungumál; sænsku, portúgölsku og þýsku
- Fjöldi tungumála  
Sænska, þýska, portúgalska – annað tungumál þriggja barna

### 4.2 Foreldrasamvinna

Traust, samvinna og jákvæðni eru leiðarljós foreldrasamstarfs. Lögð er áhersla á að foreldrar og starfsfólk leikskólans mætist á þeim forsendum og er það góður farvegur fyrir öll mál er snerta velferð barnanna.

Foreldraráð fundaði tvisvar skólaárið 2018-2019 og að öðru leyti fóru samskipti fram í tölvupóstum. Ingunn Ríkharðsdóttir, skólastjóri, hélt utan um starf foreldraráðs og fundaði með þeim.

Skólaárið 2018-2019	Skólaárið 2019 -2020
Berglind Ósk Pétursdóttir	Hafdís Guðmundardóttir
Hafdís Guðmundardóttir	Svala Ýr Smáradóttir
Ólöf Vigdís Guðnadóttir	Ragnheiður Ásta Brynjólfsdóttir
Rósalind Signýjar Kristjánsdóttir	Hjördís Garðarsdóttir
Sigurbjörg Ragna Ragnarsdóttir	Sunna Dís Jensdóttir

Foreldrafélag fundaði tvisvar á skólaárinu 2018-2019 og að öðru leyti fóru samskipti fram í tölvupóstum. Ingunn Sveinsdóttir, aðstoðarskólastjóri, hélt utan um starf foreldrafélags og fundaði með þeim.

Skólaárið 2018-2019	Skólaárið 2019 -2020
Gyða Bergþórsdóttir	Gyða Bergþórsdóttir
Steinar Helgason	Steinar Helgason
Karl Haagesen	Karl Haagesen
Hulda Ósk Guðbjörnsdóttir	Sara Karlsdóttir
Hafís Rán Sævarsdóttir	

## Foreldraviðtöl

Tvö formleg foreldraviðtöl eru á skólaári, eitt á haustönn og annað á vorönn.

Foreldrar geta óskað eftir viðtali hvenær sem er ef þeir telja þörf á og hafa þá samband við umsjónarkennara barnsins eða deildarstjóra.

## Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Leikskólinn býður fjölskyldum barnanna að koma inn í leikskólann á

- foreldraskemmtanir ( 16. nóvember á Degi íslenskrar tungu )
- aðventu-kaffi í desember
- bóndadags og konudagskaffi
- útskrift elstu barna í maí
- vorhátíð á Lóni í maí
- sumarhátíð foreldrafélagsins í júní

## 4.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir leikskólanáms. Frá árinu 1996 hefur verið formlegt samstarf milli leikskóla og grunnskóla á Akranesi með það að markmiðið að:

- að tengja skólastigin saman
- að skapa samfellu í námi og kennslu barna/nemenda á þessum tveimur skólastigum
- að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastigi
- að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
- að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga

### 4.3.1 Brúum bilið

Skipulag samstarfsins er með eftirfarandi hætti:

- **Skipulagsfundur að hausti**: Leikskólakennarar og grunnskólakennarar skipuleggja samstarf vetrarins
- **Skólastjóraheimsóknir** eru áður en Haustskólinn hefst en þá heimsækja öll elstu börnin báða grunnskólana
- **Haustskóli** : Elstu nemendur leikskóla fara í 3 daga í grunnskólana í svokallaðan **Haustskóla**, en þetta er ný leið í samstarfinu og koma þessir dagar í stað nemendaheimsókna yfir veturinn. Nemendur í 1. bekk fara í heimsókn í leikskólana. Tímasetning Haustskólans er 1.-3. október í Grundaskóla og 7.-10. október í Brekkubæjarskóla.
- **Annað óformlegt samstarf yfir veturinn** á milli skólastiga felst í því að skólarnir bjóða nemendum á ýmsar uppákomur á hvoru skólastigi s.s. á árshátíð, á dag íslenskrar tungu ofl.
- **Söngsamvera í Grundaskóla í lok nóvember-** elstu börn leikskólans og 1. bekkingar hittast og eiga samverustund í söng og dansi. Þessi samvera er í umsjón leikskólanna.
- **Endurmat vegna haustannar-skipulagsfundur 21. janúar 2020** : Kennarar á báðum skólastigum funda og fara yfir samstarf haustannar.

- **Söngsamvera í sal Brekkubæjarskóla í febrúar-** elstu börn leikskólans og 1. bekkingar hittast og eiga samverustund í söng og dansi. Þessi samvera er í umsjón grunnskólanna.
- **Skipulagsfundur vegna vorskólans:** Kennarar á báðum skólastigum funda og skipuleggja vorskólann
- **Vorskólinn í mars:** Vorskólinn er í 3 daga en þá taka grunnskólarnir á móti væntanlegum nemendum sínum í 1. bekk og kynna skólann sinn. Nemendur í 1. bekk fara í heimsókn í leikskólana. Vorskólinn í Grundaskóla er 23.-27. mars og í Brekkubæjarskóla 30.mars -4.apríl
- **Íþróttadagur og Húllumhæ 22.apríl** –samstarfi skólaársins slitið með leik og grilli
- **Matsfundur að vori:** kennarar á báðum skólastigum meta árangur af samstarfi vetrarins
- **Skilafundir í ágúst:** Í núgildandi lögum um leikskóla er þess getið að persónuupplýsingar um barn í leikskóla sem nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun barnsins í grunnskóla, skulu fylgja barninu í grunnskóla enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Markmiðið með upplýsingamiðluninni er að tryggja að byggt sé á fyrri námi og reynslu leikskólabarna þegar þau koma í grunnskóla og að aðlögun þeirra verði eins og best verður á kosið.

#### **4.4 Samstarf leikskólastjóra**

Leikskólastjórar hittast reglulega og eiga samráð um ýmis mál tengd starfi þeirra og starfsemi leikskólanna. Ekki er um fasta fundi eða samráð að ræða og oftast eru mál rædd í tölvupóstum eða símtali.

#### **4.5 Samstarf sérkennslustjóra**

Sérkennslustjórar hittast reglulega eða að jafnaði einu sinni í mánuði. Síðasta skólaár hafa þeir átt samráð oftast vegna sameiginlegrar vinnu þeirra og utanumhalds við gerð Læsisstefnu leikskóla Akraneskaupstaðar.

#### **4.4 Almennar upplýsingar**

Leikskólinn er opin frá kl: 7.30 -16.30. Opnað er á Lóni og þangað koma öll þau börn sem mæta 7.30 og fara síðan yfir á sínar deildir kl: 7.45.

Fjórir kjarnar eru í skólanum þar sem unnið er áfram með að halda árgöngum saman. 36 börn á Vík í tveimur kjörnum, 21 á Holti og 19 á Lóni ( yngsta deild).

Hópastarf er alla daga vikunnar fyrir hádegi. Börnunum er skipt upp í hópa og hefur hver hópur sinn umsjónarkennara. Verkefni í hópastarfi taka mið af aldri og þroska barnanna. Í hópastarfi er unnið skipulega með námssviðin og margt í boði s.s. myndlist, tónlist, lestur, hreyfing, leikir, útivera og vettvangsferðir. Gerðar eru námsáætlanir árganga fyrir hvern mánuð með helstu verkefnum og áherslum og má nálgast þær á heimasíðu skólans.

Dagleg útivera er mikilvægur þáttur í heilsustefnunni og í Garðaseli fara öll börn að lágmarki út í eina góða útivist, stundum tvær.

Á skólaárinu 2019-2020 verða fimm skipulagsdagar og leikskólinn lokaður þessa daga. Þrjú dagar dagar koma á haustönn og tveir á vorönn.

Starfsmenn eru 25 skólaárið 2019 -2020.

## 5. Starfsmannamál

### 5.1 Starfsmannahópurinn 1. maí

STARFSHEITI	FJÖLDI	STARFSHLUTFALL	MENNTUN
Leikskólakennarar	12	11,1	Leikskólakennaramenntun Mastersnám / bæði skólastig Sérkennslufræði Mannauðsstjórnun
Annað háskólapróf	3	2,8	Íþróttufræðingur Sálfræði Þroskaþjálfari
Leiðbeinendur	8	5,8	leikskólaliðamenntun framhaldskólamenntun
Matráður	1	75%	
Aðstoðarfólk í eldhúsi	1	25 % matráður og 50 % aðstoðarmatráður	

\* Einn starfsmaður er á 2. ári í leikskólakennarafræðum við HÍ.

### 5.2 Starfspróunarsamtöl

Tvo starfsmannasamtöl eru á skólaárinu og markmið þeirra er að skólastjórnendur og starfsmenn ræði frammistöðu og líðan starfsmanna. Undanfarin ár hafa þessi samtöl tekið breytingum, orðið styttri og örari og ef það tekst verða þau skilvirkari.

Fókusinn er settur á líðan og starfsánægju, frammistöðu starfsmanns / verkefni hans og samvinnu við aðra, samstarf inn skólans og stjórnun.

Niðurstöður eru nýttar til að færa til betri vegar það sem bent er á og kemur fram, hvort sem það snertir leikskólann eða starfsmanninn. Ekki eru birtar niðurstöður eða persónulegar ábendingar starfsmanna opinberaðar þar sem um trúnaðarsamtal er að ræða.

### 5.3 Símenntun frá síðasta ári

Símenntun í Garðaseli skólaárið 2018 -2019 ( skipulag skólans fyrir utan aðra símenntun starfsmanna )

- **Læsi og lestur** –fyrirlestrar, fræðsla og önnur samvinna fyrir alla starfsmenn leikskólanna yfir veturinn vegna þróunarverkefnis við gerð Læsisstefnu leikskólanna á Akranesi
- **Streita og líkamleg einkenni í starfi** - Anna Sólveig Smáradóttir, sjúkraþjálfari, var með fræðslu á starfsmannafundi um þessi atriði og kynni FysicFlow kerfið sem vinnur m.a. að forvörnum og styrkingu líkama og hugar
- **Hugleiðsla og slökun** – Lára Dóra Valdimarsdóttir, leikskólakennari, kynnti leiðir og námsefni til slökunar með börnum ( Hugarfrelsi )
- **Fræðsla fyrir matráða** –fræðsla á starfsdögum fyrir matráða leikskólanna ( brauðbakstur, samráð um innkaup, uppskriftir og fleira )
- **Styrleikar mínir - að njóta þeirra** – Steinunn Eva Þórðardóttir / Hér núna

## 5.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- **Sjálfsmyndun og styrkleikar**– Steinunn Eva Þórðardóttir, Hér núna
- **Læsi í leikskólum** – læsisstefna leikskólanna kynnt og verður kynningin í höndum sérkennslustjóra
- **Heilsustefnan, Uppeldi til ábyrgðar, Vinátta og Hugarfrelsi** – upprifjun og vinna með áherslupætti skólans – Skólastjórnendur
- **Barnavernd** – fræðsla um barnavernd, ferli og meðferð mála ásamt skyldum leikskólans – leitað verður til Fjölskyldustofu Akraneskaupstaðar
- **Skapandi starf- úti og inni** – fræðsla og hugmyndir um skapandi starf – eftir að finna fyrirlesara til að koma
- **Fjölbreyttir kennsluhættir fyrir fjöruga krakka** – Hlín Magnúsdóttir kennari
- **Skyndihjálp**

Leitað eftir hugmyndum frá kennurum / starfsfólki leikskólans og þær settar inn í þessa áætlun.

Kennarar og starfsfólk leikskólans er hvatt til að sækja sér fjölbreytta endurmenntun sem nýtist í starfi og nýta til þess endurmenntunarsjóði sína hjá stéttarfélögum.

## 6. Fylgiskjöl

- Matsgögn  
Niðurstöður viðhorfskannana skólaárið 2018 -2019
- Leikskóladagatal

### Skóladaagatal 2019 -2020

#### Ágúst agi og vinátta ( nýjar deildir - sáttmáli )

8. –20. ágúst	Aðlögun nýrra barna
20. ágúst	Skipulagsdagur 8.00-16.00 - leikskólinn lokaður
31. ágúst	afmælishátíð Garðasels - búningadagur

#### September - LÆSI -LEIKUR AÐ LÆRA

1. sept	28. ára afmæli leikskólans -búningadagur 2. september
9.- 12. sept	Tannverndardagar á öllum deildum – heimsókn 2015- árgangs til tannlæknis skipulögð
19. september	Heilsuskokk
23.-25. sept	Umferðardagar – gangbrautir, umferðarljós og endurskin
27. sept	Garðaselsgleði á Skála – söngur, dans og leikir
30. sept	Skipulagsdagur 8.00-16.00 – leikskólinn lokaður

#### Október – LÆSI -LEIKUR AÐ LÆRA

1.-31. okt	Pema – læsi
1.-4. okt	Hautskólinn í Grundaskóla
8-10. okt	Hautskólinn í Brekkubæjarskóla
Ódagsettur	Sunddagur í Bjarnalaug kl: 13.00 -14.30
22. okt	Starfsmannafundur 16.30-18.30 – deildarfundir klst+ sameiginleg vinna
Ótímasett	Vökudagar. Ljósmyndasýning elstu barna „ Það sem auga mitt sér „ Sýningin sett upp á Höfða
25.okt	Garðaselsgleði á Skála – söngur, dans og leikir

#### Nóvember – STÆRÐFRÆÐI - LEIKUR AÐ LÆRA

1.- 30. nóv	Pema – stærðfræði
4.- 15. nóv	Foreldraviðtöl á öllum deildum
18. nóv	Skipulagsdagur 8.00-16.00– leikskólinn lokaður
16. nóv	Dagur íslenskrar tungu – viðburðir deilda 19. – 22. nóv
29.nóv	Garðaselsgleði á Skála – söngur, dans og leikir

**Hugmyndir :** samstarf við eldri nemendur Grundaskóla, koma með bækur að heiman til að lesa, leggja áherslu á íslenska barnabókahöfunda, Markviss málörvun, ritmálið , lestur heima, íslenskar þulur / ljóð / söngvar

#### Desember – þema mánaðarins eru jólin

2. des	Aðventustund á Skála fyrir allar deildir - umsjón Lón
9. des	Aðventustund á Skála fyrir allar deildir – umsjón Holt
11. des	Jólasöngstund og aðventukaffi með foreldrum/fjölskyldum á Holti 2015 kl: 15.00 – 15.45
12. des	Jólatónleikar 2014-2015 í Tónbergi kl: 15.30 -16.00 – aðventukaffi á eftir
16.des	Aðventustund á Skála fyrir allar deildir – umsjón Vík
17. des	Jólasöngstund og aðventukaffi með foreldrum / fjölskyldum á Lóni kl: 15.00 -15.45
19. des	Rauður dagur og Litlu jólin – Jólamatúr í hádeginu
23. des	Aðventustund á Skála allar deildir – umsjón skólastjórar



**Verkefni skólaársins 2019 -2020**  
**Læsi í leikskólum**  
 Virkja nýja læsisstefnu leikskólanna



**Janúar - Þórrinn**

13. – 19. jan	Þemavika – Þórrinn og gamli tíminn / ljósadagur í þessari viku
24. jan	Bóndadagskaffi kl: 8.00-9.30 – pabbar, bræður og afar
28. jan	Þorrablót

**Febrúar – LÆSI – LEIKUR AÐ LÆRA**

1. -28. feb	Þema – LÆSI
6. feb	Dagur leikskólans 6. feb
14.feb	Skipulagsdagur 8.00-16.00 – leikskólinn lokaður
21.feb	Konudagskaffi 8.00- 9.30 – mömmur,systur og ömmur
24.feb	Bolludagurinn
25.feb	Sprengidagur
26.feb	Óskudagur – Búninga- og náttfatadagur
28.feb	Garðaselsgleði á Skála – söngur, dans og leikir

**Mars – STÆRÐFRÆÐI – LEIKUR AÐ LÆRA**

1.-31. Mars	Þema - STÆRÐFRÆÐI
9. – 20. mars	Foreldraviðtöl á öllum deildum
23.-27.mars	Vorskóli Grundaskóla í þessari viku
23. mars	Garðaselsgleði á Skála – söngur ,dans og leikir
18. -29 .mars	Foreldraviðtöl byrja á öllum deildum -
30.mars - 4.apríl	Vorskóli Brekkubæjarskóla í þessari viku

**Apríl –Læsi og stærðfræði**

1.-30.apríl	Þema Leikur að læra – læsi og stærðfræði
14.apríl	Skipulagsdagur 8.00-16.00 / leikskólinn lokaður þennan dag
25. apríl	Garðaselsgleði á Skála – söngur, dans og leiki
27.-30. apríl	Árgangamót leikskólanna í þessari viku


**Mái – þema sumarið ( fuglar, blóm, skordýr )**

4.-6. maí	Umferðardagar Hjálmar og hjól, öruggi í umhverfinu, gangbrautir Hjóladagur á bílastæði / eldri börn fara út fyrir leikskólasvæðið
7. maí	Heilsuskokk kl: 9.30
12. maí	Lambaferð að Bjarteyjarsandi kl: 9.30 -13.00 – leggja af stað kl: 8.45
14. maí	Útskrift elstu barna kl: 15.00-17.00
Ódagsett	Vorhátíð á Lóni – foreldrar og börn ☺
20.-25.maí	Sundnámskeið elstu barna – ræðst af því hvort laugin fæst /færist þá inn í júní
27.-28.maí	Útskriftarferð í Ölver 2014- árgangur

**Júní**

8. – 12. júní	Íþróttadagar
	Grill foreldrafélags ( í þessari viku þegar veður leyfir)

Sumarlokun verður 4 vikur og tímabil lokunar valið eftir könnun meðal foreldra



## Umsögn foreldraráðs

Rectangular Snip

### Foreldraráð Garðasels 2019 -2020

Ssamkvæmt 11. gr laga um leikskóla skal vera starfrækt foreldraráð við skólann og að lágmarki skulu þrír foreldrar sitja í ráðinu.

Hlutverk ráðsins er að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi skólans.

Starfsáætlun Heilsuleikskólans Garðasels hefur verið yfirfarin af foreldraráði skólans starfsárið 2019-2020.

Foreldraráð er sammála um að starfsáætlun er skýr, aðgengileg og auðlesin. Hún endurspeglar það jákvæða og uppbyggilega starfs sem er í skólanum.

Fh. Foreldraráðs

RAGNIHEIÐUR ASÐA BEVNJÓLFSDÓTTIR

Svara Þrú Svavarsdóttir

- Annað

Akranesi

16. september 2019

Ingunn Ríkharrsdóttir

leikskólastjóri